

Ár 2006, fimmtudaginn 7. september, er í Áfrýjunardómstól Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands kveðinn upp dómur í málinu nr. 2/2006:

Olil Amble

gegn

Gæðingadómarafélagi Landssambands hestamannafélaga

Málið dæma Jón G. Zoëga, Helgi I. Jónsson og Karl Gauti Hjaltason.

Áfrýjandi skaut málinu til Áfrýjunardómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands með áfrýjun 23. ágúst 2006. Áfrýjað er dómi Dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands uppkveðnum 16. ágúst 2006. Áfrýjunarheimild er í 33. gr. laga Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Málið var dómtekið 4. þessa mánaðar að afloknum munnlegum málflutningi.

Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að viðurkennt verði að áfrýjanda sé heimilt að starfa sem gæðingadómari innan Landssambands hestamannafélaga sem félagi í Gæðingadómarafélagi LH eftir að hafa sótt upprifjunarnámskeið 1. mars 2006, sbr. 5. gr. laga félagsins. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda vegna meðferðar málsins „fyrir áfrýjunardómstólnum og Íþróttadómstól ÍSÍ samkvæmt mati dómsins“.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ágreiningur í máli þessu lýtur að túlkun á 5. gr. laga Gæðingadómarafélags Íslands, en hún hljóðar svo:

„Félagsmenn eru allir starfandi dómarar sem hlotið hafa samþykki stjórnar L.H. Félagsmenn sem ekki sækja upprifjunarnámskeið í tvö ár samfelld, missa sjálfkrafa réttindi sín til að starfa sem gæðingadómarar. Félagsmenn skulu hlíta þeim lögum og reglum sem gilda um gæðingadómara hverju sinni.“

Óumdeilt er að áfrýjandi hefur öðlast réttindi til að starfa sem gæðingadómari. Þá liggur fyrir í málinu að áfrýjandi sótti upprifjunarnámskeið 1. mars síðastliðinn og stóðst það, en þá höfðu liðið meira en tvö ár samfelld án þess að áfrýjandi hefði sótt slíkt námskeið.

Fram kemur í greinargerð stefnda fyrir Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands að formaður stefnda hafi dreift lögum félagsins á fyrrnefndu námskeiði og bent þátttakendum í því á 5. gr. laga félagsins og að samkvæmt henni missi dómárar réttindi sín ef þeir mæti ekki í tvö ár samfellt á upprifjunarnámskeið. Hafi þetta verið gert af tillitssemi við við þá sem sóttu námskeiðið og taldir voru réttindalausir, en vilji hafi þó ekki staðið til að reka þessa einstaklinga á dyr. Jafnframt hafi formaðurinn tilkynnt að hann skyldi kanna hjá lögfróðum mönnum hvort unnt væri að túlka lög stefnda á annan hátt en þann að þeir hefðu misst dómáraréttindi sín. Eftir umrædda könnun hafi niðurstaðan orðið á sama veg og áður greinir og hafi stefndi endurgreitt áfrýjanda þann kostnað sem hann hafði orðið fyrir við að sækja námskeiðið.

Af framansögðu verður ráðið að af hálfu stefnda hafi á þeim tíma, sem áfrýjandi sótti upprifjunarnámskeiðið, ekki verið hafið yfir allan vafa á hvern veg ofangreint ákvæði í lögum hans yrði túlkað. Verður að telja ef svo hefði verið hefði verið einboðið að stefndi meinaði áfrýjanda þátttöku í námskeiðinu, enda hefði hún ekki þjónað neinum tilgangi.

Sú megin skylda hvílir á stefnda að lagaákvæði um missi slíkra réttinda, sem um ræðir í máli þessu, séu skýr og ótvíræð. Verður að virða vafa um það þeim einstaklingi í hag sem þau hefur öðlast.

Í hinu umþrætta ákvæði laga stefnda er ekki kveðið afdráttarlaust á um að þeir, sem öðlast hafa réttindi sem gæðingadómárar, glati þeim sækji þeir ekki upprifjunarnámskeið í tvö ár samfellt, heldur segir þar einungis að við það missi þeir sjálfkrafa réttindi til að „starfa sem gæðingadómárar“. Að mati dómsins má hæglega skilja þetta orðalag á þann veg að réttindi þau, sem um ræðir, verði einungis óvirk við þá vanrækslu að sækja ekki upprifjunarnámskeið innan nefndra tímamarka, en verði aftur virk við þátttöku í slíku námskeiði, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur standist það próf sem fram fer í lok þess.

Skýra verður vafa um túlkun á umræddu lagaákvæði áfrýjanda í hag. Svo sem áður greinir sótti áfrýjandi upprifjunarnámskeið á vegum stefnda 1. mars síðastliðinn og stóðst þar próf. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem að framan er rakið, er það niðurstaða dómsins að taka beri kröfu áfrýjanda til greina.

Rétt er að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Olil Amble, er heimilt að starfa sem gæðingadómari innan Landssambands hestamannafélaga sem félagi í Gæðingadómarafélagi Landssambands hestamannafélaga.

Málkostnaður fellur niður.

Jón G. Zoëga
Helgi I. Jónsson
Karl Gauti Hjaltason